



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

16. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2025, kl. 15:15 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Hildur Hjálmsdóttir í forföllum Elvars Harðarsonar, auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborgar Ástráðsdóttur en Sigríður Björk Gylfadóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands og Auður Hanna Grímsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Einnig sat fundinn Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

Skólastjóri lagði fram skýrslu skólastjóra vegna skólastarfs undanfarandi vikur. Vikuna 24. – 27. febrúar fóru nemendur úr 7. bekk í Skólabúðirnar að Reykjum og var mikil ánægja hjá þeim með ferðina. Búið er að óska eftir plássi næsta vetur fyrir komandi 7. bekk og munu þau, eins og núna, vera þar ásamt þeim grunnskólum sem heyra undir Skólaþjónustu Árnesþings.

Flúðaskóli og Zero stóðu saman að skíðaferð í Bláfjöll fimmtudaginn 27. febrúar fyrir 8.-10.bekk.

Þann 7. mars fóru stjórnendur á kynningu á þróunarverkefninu MEMM, sem stendur fyrir menntun, móttaka og menning, og er ætlað að bregðast við breyttum samfélagsaðstæðum á Íslandi, þar sem fjölbreytni eykst stöðugt.

Á starfsdegi, þann 12. mars fóru allir starfsmenn á skyndihjálparnámskeið.

Undanfarið hafa verið haldnir nokkrir netfundir, bæði fyrir kennara og stjórnendur, varðandi innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá. Það er nokkuð mikið ferli framundan hjá okkur og gerum við ráð fyrir að við munum vinna það að hluta til í samvinnu við grunnskóla sem eru undir Skólaþjónustu Árnesþings.

Allir nemendur frá 4. – 10. bekk hafa nú lokið rafrænu prófi í stærðfræði og lesskilningi í Matsferli en Flúðaskóli er tilraunaskóli í innleiðingu á nýju matstæki.

H.S.
KP AHG FP VG
H
JBJ
ARJ JLA

Nemendur frá Flúðaskóla hafa tekið þátt í tveimur skákmótum nú í mars og apríl. Hópur frá okkur tók þátt í Íslandsmóti í Reykjavík. Sveit Flúðaskóla endaði í 9.sæti af 36 skólum og voru efstir landsbyggðarliða. Þá fór einnig hópur frá okkur á Suðurlandsmót í skólaskák sem haldið var á Laugarlandi í Holtum og efsti nemandi frá okkur lenti í 4. sæti.

Nemendur úr LHÍ kíktu til okkar í heimsókn og frumfluttu fyrir 1.- 4. bekk leikritið "Ofurömmur í álheimum". Leikritið er stórskemmtilegt og þar eru sannarlega efnilegir framtíðarleikarar á ferð. Við vorum auðvitað sérlega stolt af fyrrverandi nemanda okkar, honum Óskari Snorra Óskarssyni, sem var í þessum flotta hópi.

Árshátið unglingastigs Flúðaskóla var haldin 9. apríl. Að þessu sinni var 7. bekkur með. Nemendur fluttu leikritið „Bravó“ sem er samið af þeim sjálfum undir dyggri stjórn Árna Þórs Hilmarssonar. Eins og ávallt stóðu þeir sig mikið vel. Aukasýning var svo sýnd daginn eftir og var vel sótt. Eins og undanfarin ár hefur verið árshátiðarval, hjá öllum nemendum elsta stigs, frá áramótum. Þar taka allir þátt, í mismunandi verkefnum, og lokaafurðin er svo árshátiðin sjálf. Þannig er allt í kringum sýninguna unnið af nemendum, t.d. handrit, leikmynd, tæknimál, förðun, leikskrá og svo leikurinn sjálfur.

Skólinn hefur fengið úthlutað styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla vegna innleiðingar á Jákvæðum aga skólaárið 2025 - 2026. Styrkurinn er að hámarki 448.000 krónur sem svarar til 16 klukkustunda hið minnsta til verkefnisins

Þann 22. apríl mun Flúðaskóli verða símalaus skóli. Undirbúningur fyrir þessa ákvörðun hefur verið í gangi undanfarna mánuði. Í byrjun janúar stóð foreldrafélag Flúðaskóla fyrir fyrirlestrinum "Áhrif skjátíma á þroska og líðan barna", sem var haldinn á vegum Hugarfrelsis. Þann 18. mars sl. boðaði skólinn til foreldrafundar til að kynna skref í átt að símalausum skóla. Í framhaldi af fundinum var send út könnun til allra foreldra, og um 90% þeirra sem svöruðu studdu þessa ákvörðun. Þá var fundað með öllum nemendum frá 7. – 10. bekk og þeim kynntar þessar niðurstöður. Jafnframt var þeim send könnun þar sem þeim gafst kostur á að segja sitt álit og koma með tillögur að því hvað þau myndu vilja gera í frímínútum.

Næsta haust mun Félagsmiðstöðin Zero vera með aðstöðu hér inni í skóla þar sem breytingar standa yfir í Félagsheimili Hrunamanna. Það svæði sem félagsmiðstöðin fær mun verða samnýtt af þeim, skólanum og frístund. Hönnun á rýminu er farin í gang og verður spennandi að sjá útkomuna.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu en greinilegt er að mikið líf og hugmyndaauðgi einkennir skólastarfið sem er ánægjulegt. Skólanefnd lýsir yfir sérstakri ánægju með það skref sem hefur verið stigið varðandi símalausan skóla.

2. Drög að skóladagatali Flúðaskóla 2025-2026 lögð fram.

Skóladagatal Flúðaskóla fyrir skólaárið 2025-2026 lagt fram til samþykktar.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið eins og það hér er lagt fram..

KP
H.S.
AHG HH
JLA JG
ART FP

3. Erindi vegna frístundar

Formaður gerði grein fyrir óskum sem borist hafa vegna mögulegrar opunar frístundar á föstudögum. Nokkur ár eru liðin síðan gerð var könnun meðal foreldra um mögulega þörf á því að frístund yrði opin á föstudögum.

Einnig var rætt um hvort mögulegt væri að frístund myndi verða opin eftir að leikskóli tekur aftur til starfa að loknu sumarfríi og fram að skólabyrjun.

Skólanefnd samþykkir að fela skólastjóra að gera könnun meðal foreldra barna sem fædd eru árin 2016-2019 hvort þörf sé á opnun frístundar á föstudögum. Sveitarstjóra einnig falið að kanna hvort möguleiki sé á ævintýranámskeiði í ágúst.

Hér vék Vilborg af fundi.

Málefni Undralands

4. Skýrsla leikskólastjóra Undralands

Leikskólastarfið hefur gengið mjög vel. Allir starfsmenn eru áhugasamir um vinnuna sína og börnin blómstra í leikskólanum.

Starfsdagur var haldinn 19. febrúar sem var allur nýttur í þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi. Við vorum þá í Brautarholti ásamt starfsmönnum hinna leikskólanna í Árnsepingi sem eru einnig að vinna í þessu þróunarverkefni. Starfsdagur var einnig 12. mars þar sem við byrjuðum daginn á matshring og eftir það voru allir starfsmenn að vinna við tiltekt, að skipuleggja starfið og flokka málörvunarefni, bækur og spil samkvæmt þróunarverkefninu snemmtækri íhlutun í mál og læsi.

11. mars fóru flestir fagmenn leikskólans á kynningarfund á Jákvæðum aga.

17. mars byrjuðu tvö ný börn í leikskólanum og eru börnin þá orðin 53 samtals í Undralandi.

Víkuna 24.- 28. mars voru foreldrasamtöl sem gengu mjög vel. Foreldrar flestir ef ekki allir sögðust mjög sáttir með leikskólann og starfið sem fer þar fram.

1. apríl fengum við heimsókn frá þýskum nemum sem vildu kynna sér útinámið.

Sintija og Vignir tóku á móti þeim fyrst með stuttum fyrirlestri kl. 13.00 og síðan fóru þau í skóginn með börnunum á Völuhól og voru með þeim við verkefna vinnu og leik til loka leikskólans.

7. og 8. apríl voru starfsmannaamtöl og er skemmst frá því að segja að allir lýstu yfir ánægju sinni í vinnunni og sögðu að þeim liði vel í vinnunni. Nokkrir starfsmenn ætla samt sem áður að hætta og fara í nám næsta vetur eða fara og ferðast um framandi lönd.

Samstarfið milli elstu barna Undralands og nemenda í 1. bekk í Flúðaskóla hefur gengið mög vel og eru elstu börnin alltaf mjög spennt fyrir að hitta vini sína í 1. bekk og vinna með þeim allskonar verkefni ýmist inni eða úti.

Enn er unnið að því hvernig við leysum plássleysi leikskólans og spennandi tímar framundan í því máli.

Skólanefnd þakkar greinargóða skýrslu og það jákvæða starf sem unnið er í leikskólanum sem greinilega fellur í góðan jarðveg foreldra og forráðamanna.

KP

78

ARJ

AHG H.S.

VG

JIA

FP

5. Drög að skóladagatali Leikskólans Undralands 2025-2026 lögð fram

Skóladagatal Leikskólans Undralands fyrir skólaárið 2025-2026 lagt fram til samþykktar.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið eins og það hér er sett fram.

6. Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum

Lagðar fram til kynningar reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum sem sveitarstjórn hefur samþykkt á fundi sínum þann 6. mars sl. Með reglunum er leitast við að skapa hvata fyrir núverandi starfsmenn til að sækja sér menntun á sviði leikskólastarfs með það að markmiði að starfsmönnum með leyfisbréf fjölgi.

Skólastjóri Flúðaskóla vill koma á framfæri þeirri skoðun sinni að reglurnar ættu einnig að gilda fyrir starfsmenn Flúðaskóla. Skólanefnd lýst vel á reglurnar og vonar að með þeim verði fjölgun í hópi fagmenntaðra starfsmanna leikskólans. Skólanefnd vill jafnframt beina þeirri athugasemdi til sveitarstjórnar að komi upp sú staða í Flúðaskóla að fagmenntaða starfsmenn skorti verði brugðist við því á sambærilegan hátt.

7. Næstu fundir skólanefndar

Formaður leggur til að haldinn verði hefðbundinn fundur skólanefndar í maí auk vinnufundar um aðgerðaráætlun skólastefnunnar. Einnig ber að halda skólaping á vegum skólanefndar og leggur formaður til að slíkt þing verði haldið í haust.

Skólanefnd samþykkir fyrirkomulagið og mun formaður boða til fundanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55

Jóhanna Lísa Amarsdóttir
Jóna Björg Jónsd.

Ásgeir Pjettermannsson
Valur Gerdursson

Audur Hanna Grímsdóttir

Fréya Þorvaldsdóttir

Hildur Hjálmsdóttir

Hjalti Sigurðsson

Katrín Þorvaldsd.

Alfur Stefánsson